

Því úrskurðast:

Kærði, Jón Geir Eyfjörð Guðlaugsson, fæddur 7. júlí 1935, til heimilis að Furugrund 10 O, Akureyri, sæti gæsluvarðhaldi 40 daga frá birtingu úrskurðarins.

Þá skal kærði Jón Geir sæta geðrannsókn í varðhaldinu.

Fimmtudaginn 14. maí 1981.

Nr. 78/1981. **Pétur Óskarsson**
 gegn
Þorsteini Skúlasyni,
bæjarfógeta í Neskaupstað.

Kærumál. Uppboð. Kröfum á hendur héraðsdómara um miskabætur og vítur synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. mars 1981, og barst hún dóminum 30. s. m. Kröfur hans eru í fyrsta lagi, að uppboð á hluta Egilsbrautar 9 í Neskaupstað fari ekki fram eftir auglýsingum þeim, sem síðar getur. Þá verður að skilja kröfugerð hans svo, að hann krefjist þess að auki, að varnaraðili sæti vítum og verði dæmdur til að greiða sóknaraðilja miskabætur og málskostnað.

Varnaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð, en ekki sett fram dómkröfur.

Um kæruefnið hefur ekki gengið úrskurður í héraði, en málið er dæmt í Hæstarétti eftir lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í 84., 89. og 93. töl. Lögbirtingablaðs 1979 var birt auglýsing frá varnaraðilja um, að eign sóknaraðilja, hluti Egilsbrautar 9, yrði seldur á opinberu uppboði 3. desember það

ár, og voru taldir nokkrir uppboðsbeiðendur. Uppboðsréttur var settur greindan dag. Var bókað, að fyrir væri tekið að halda uppboð á eigninni, en síðan, að sala færi fram 19. desember. Daginn eftir var enn þingað í uppboðsrétti, og var þá lögð fram greinargerð uppboðspóla, sóknaraðilja hér fyrir dómi. Eftir það var uppboðinu frestað 10 sinnum, síðast til 26. mars 1981. Þann dag var því frestað til 28. apríl og þá enn til 26. maí.

Í kæru sóknaraðilja rökstyður hann kröfu sína um, að uppboðið fari ekki fram, í fyrsta lagi með því, að í auglýsingu um uppboðið 26. mars 1981, sem birtist í blaðinu Austurlandi 19. mars, er aðeins getið tveggja auglýsinga í Lögbirtingablaði. Sem fyrr segir birtist auglýsing um uppboðið þrisvar í Lögbirtingablaði. Eftir 22. gr., 2. mgr., laga nr. 57/1949 var þess ekki þörf að geta allra þessara auglýsinga, þegar uppboðið var auglýst í öðru blaði. Þá rökstyður sóknaraðili kröfu sína með því, að í auglýsingunni í Austurlandi sagði, að uppboðið færi fram eftir kröfu bæjarsjóðs Neskaupstaðar og fleiri. Segir sóknaraðili kröfu bæjarsjóðs hafa verið greidda, þegar auglýsingin var birt. Af skjölum málsins verður ráðið, að uppboðsbeiðni bæjarsjóðs hafi ekki verið afturkölluð. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki byggt á síðari röksemd sóknaraðilja, og verður kröfu hans um, að uppboð fari ekki fram, þess vegna ekki sinnt.

Aðrar kröfur sóknaraðilja skortir lagastoð, og verða þær ekki teknar til greina.

Varnaraðili hefur ekki krafist kærumálskostnaðar. Verður hann ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Kröfur sóknaraðilja, Péturs Óskarssonar, eru ekki teknar til greina.
